

Ed.

III. Nefndarátt

um frumvarp til laga um nauðasamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Af þeim rökum, sem tind eru í athugasemdunum við stjórnarfrumvarp þetta, telur nefndin rjett að setja slík lög, sem hjer um ræðir. Það getur oft verið mjög af atriði fyrir aðilja, skuldunaut og skuldheimtumenn, að skuldunautur eigi kost á, með samningi við lánardrotna sína, að komast hjá gjaldþroti, þótt hann sje ekki megnugur að greiða skuldir sínar að fullu og þótt ekki sjeu allir lánardrotnar hans því samþykkir. Það er auðvitað, að ekki þyrfti lög til, ef allir skuldheimtumenn gyldu samþykki til þess, að skuldunautur skyldi laus við hverja eina skuld sína gegn greiðslu hluta hennar. En til hins þarf lög, að skuldunautur eigi kost á að losna við allar skuldir sínar, þær er ekki hafa forgangs-rjett nje eru með hlutbundnum rjetti, þótt eigi sje greiddur nema ákveðinn hluti þeirra, ef eigi næst samþykki allra lánardrotna, sem í hlut eiga. Fyrst er það, að eigi er ávalt unt að ná til allra lánardrotna. Svo er hitt eigi síður, að það kemur fyrir, að einn eða fáir einir af lánardrotnum neita um samþykki sitt, stundum af ástæðum, sem ekki eru rjettmætar, t. a. m. af gremju yfir því að fá skuld sína eigi að fullu greidda eða þess konar. Hindra þeir þá, að

samningar komist á milli skuldunauts og skuldheimtumanna, þótt samningur kunnist að vera hinn hagfeldasti fyrir alla aðilja og flestallir skuldheimtumenn óski að samningur komist á.

Nefndin fellst yfirleitt á einstök ákvæði frumvarpsins.

Að vísu telur nefndin hið almenna ákvæði um kröfuauglýsingarfrest í áskorun (proklama) í 2. gr. frumvarpsins ekki eiga beint við í þessum sjerstöku lögum, en hefir þó ekki þótt næg ástæða til að taka þetta ákvæði út hjer og setja í sjerstakt frumvarp, en breytingin er til bóta.

Það gæti komið til mála að taka enn upp í 4. gr., sbr. 33. gr., ákvæði um það, að skuldunautur ætti ekki rjett á að leita nauðasamninga, ef hann hefir áður orðið gjaldþrota, og þá greiðst lítið af almennum skuldum. Nefndinni hefir þó ekki þótt beint nauðsynlegt að taka það ákvæði upp, og gerir því enga breytingartillögu í þá átt.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

ORÐABREYTINGUM:

1. Við 10. gr. Í stað »að frumvarpi« komi: um frumvarp.
2. Við 12. gr. tölul. 8. Í stað »rættur« komi: fram kominn.
3. Við 14. gr. fyrri málsgr. Í stað »er skuldunautur . . . síðar krafinn« komi: missir skuldunautur þar fyrir rjettinn til að mótmæla kröfunni.
4. Við 25. gr. Í stað »rættur« á tveim stöðum komi: fram kominn.
5. Við 26. gr. fyrri málsgr. Í stað »þótt hann verði ekki . . . lögum þessum segir« komi: framar en í lögum þessum segir, þótt hann verði ekki efndur.
6. Við 27. gr. 2. málsgr. Á eftir orðunum »að einhverju leyti eða öllu« komi: þegar í stað.
7. Við 29. gr. Niðurlag greinarinnar frá orðunum »og er honum skylt« byrji á nýrri línu og allur sá kafli færir fram.
8. Við 32. gr. í upphafi. Í stað »Þeir« komi: Þeim.
9. Við 38. gr. fyrri málsgr. Í stað »2.« komi: 1.
10. Við 44. gr. Í stað »18. og 19. gr.« komi: 17. til 18. gr.
11. Við 49. gr. Í stað »Ályktunum« komi: Ákvörðunum.
12. Við 51. gr. 11. málsgr. Í stað »ályktunum« komi: ákvörðunum.

Alþingi, 12. mars 1924.

Jón Magnússon,
form. og frsm.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.

Jónas Jónsson.